



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Vorönn 2019

## LOKH3HB03

Lokaverkefni á hestabraut

<b>Kennari:</b>	<b>Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>ÁFG</b>
-----------------	------------------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi, þó er gert ráð fyrir að nemandinn velji efni tengt hestabraut. Nemandinn fær kennslu í helstu aðferðum rannsókna og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang verkefna. Krafist er vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að vinna verkefnið og ætlast er til að nemandinn öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, að nemandinn læri að setja fram skoðanir sínar á faglegan hátt og taki ábyrgð á eigin námi.

**Forkröfur: HEST3ÞG03, REIM3ÞG05**

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi undirbúnings-, tilrauna- og rannsóknarvinnu með öflun og úrvinnslu upplýsinga
- forsendum hugmyndavinnu, framkvæmdar og framvindu að fullunnu verki
- mikilvægi þess að koma vinnu sinni á framfæri og rýna í eigin verk og annarra
- helstu reglum um heimildanotkun og þau kerfi sem eru notuð
- helstu rannsóknaraðferðum
- helstu aðferðum við framsetningu og úrvinnslu gagna í tölvu
- helstu aðferðum við heimildaleit

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- vinna vandaða hugmyndavinnu með öflun og úrvinnslu upplýsinga
- skilgreina forsendur og þörf og endurmeta hugmyndir sínar
- temja sér frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun
- útfæra eigin hugmynd að verkefni tengdu sinni sérgrein.
- temja sér sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- setja fram vinnuáætlun og greina verkþætti
- að endurmeta framkvæmd verksins á öllu vinnuferlinu

- temja sér öguð og vönduð vinnubrögð við frágang verkefna
- kynna eigin verk og taka þátt í sýningu
- rýna í eigin verk og annarra með uppbyggilegri gagnrýni

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta nýtt sér upplýsingatækni og aðra miðla við hugmyndavinnu
- vera fær um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval
- tileinka sér vinnuferlið frá hugmynd að fullgerðu verki
- fylgja eftir skipulögðu vinnuferli miðað við tímapátt, endurmat og framkvæmd verksins
- sýna frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun.
- koma vinnu sinni á framfæri í formi kynningar eða sýningar
- rýna í eigin verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega á uppbyggilegan hátt

### Áætlaðar dagsetningar :

Vika nr	Dagsetning	Viðfangsefni
2	7- 13. janúar	Kynning á áfanga, mögulegar leiðir til nálgunar á efni
3	14.- 20. janúar	Umræður um möguleika á efnisvali fyrir Lokaverkefni
4	21.- 27. janúar	Nemendur kynna efnisval, umræður um nálgun og útfærslu
5	28. jan - 3. feb	Nemendur vinna að greinargerð og setja upp tímaramma
6	4. - 10. febrúar	Nemendur vinna að greinargerð og setja upp tímaramma
7	11. - 17. febrúar	Skil á greinargerð 1 - <b>13.Febrúar</b>
8	18. - 24. febrúar	<b>Kátir dagar 20 og 21 Flóafár 22 – Vetrarleikar – FSU</b>
9	25.febr. - 3.mars	Skil á greinargerð 2 <b>Miðannarmat</b>
10	4. - 10. mars	
11	11. - 17. mars	Vinna í verkefnum
12	18. - 24. mars	
13	25.mars - 31.apríl	Vinna í verkefnum
14	1.- 7. apríl	
15	8.-14. apríl	Vinna í verkefnum / Drögum skilað til yfirlustrar
16	15. - 21. apríl	<b>Páskafrí</b>
17	22. - 28. apríl	<b>Páskafrí</b> – Vinna í verkefnum ( Kennsla 24 og 26.) <b>Sumardagurinn fyrsti 25.apríl</b>
18	29.apr.- 5. maí	Vinna í verkefnum ( <b>Friðagur 1.maí</b> )
19	6. – 12 . maí	Lokaskil á Verkefnum ( síðasta kennsluvika)
20	13 – 19. maí	Námsmat – Prófavika
21	20 – 26. maí	Sjúkrapróf, námsmat, Brautskráning FSU

### Sérreglur áfangans:

Nemendur vinna að mestu sjálfstætt við verkefni sín, en hitta kennara á hálfmánaðar fresti og kynna framgang verkefna sinna. Kennara fara yfir stöðu verkefna og gefa leiðeinandi ábendingar.

**Til að standast áfangann þurfa nemendur að vinna eftir tímaramma í kennsluáætlun hvað varðar skil á greinargerðum, drögum og lokaafurðum.**

Nemendur eiga einnig að vinna eftir þeirri áætlun sem þeir setja sér sjálfir. Þurfi nemandi að gera breytingu þar á skal það gert í samráði við kennara.

### Fyrirkomulag námsmats:

Verkefni	Lýsing og námsmat	Vægi
Greinargerð 1	Stutt lýsing á verkefninu, rammi og tímaáætlun	15%
Greinargerð 2	Greinargerð 1 lagfærð eftir ábendingum kennara	5%
Frumleiki efnis	Metið er nýnæmi og efnistöð	15%
Ástundu og vinna	Ástundun og vinna í verkefni	10%
Lokaskýrsla	Lýsing og útfærsla á lokaafurð	50%
Kennaraeinkunn	Virgni í umræðum og vinnubrögð	5%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**